

á leigu, enn á leigu um 5 ár frá 1. janúar 1872 eða þá fyrir skemmri tíma, hefir dómsmálastjórnin leyft, að námurinn sè leigður sækjandanum um 1 ár frá 1. janúar 1872 fyrir 100 rd. afgjald.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, útaf uppástungu amtsins í bræfi 16. maí þ. á., og skal því viðbætt, að vèr höfum í dag tilkynnt Túlínus þetta.

1871.

9. ágúst.

78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir að semja verðlagsskrár fyrir norður- og austuramtíð.

9. ágúst.

Útaf bænarskrá, sem barst hingað með bræfi amtsins, dagsettu 18. marzm. þ. á., og þar sem Daniel prófastur Halldórsson sækir um, að sèr verði veitt 14 rd. þóknun fyrir starfa sinn við að semja verðlagsskrárnar fyrir norður- og austuramtíð fyrir árið 1871—72, gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, og svo þèr birtíð það og gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf, að borga megi prófastinum 10 rd. úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins í þessu skyni.

79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um lækkun á jarðarafgjöldum.

10. ágúst.

Í tveimur bréfum, dagsettum 16. júním. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki, að þèr samkvæmt uppástungu umboðsmanns Arnarstapaumboðs hafið leyft, að hálfir Gufuskálar, sem heyra undir nefnt umboð, og jörðin Kálfárvellir, verði hvortveggja bygd frá fardögum 1870 fyrir minna afgjald en áður; er afgjaldið af hálfum Gufuskálum fært niður um 1 vætt (2 rd. 16 sk. eptir verðlagsskránni) og

1871.

10. ágúst.

afgjaldið af Kálfárvöllum um 2 vættir og 10 fiska (4 rd. 85 sk.) Ennfremur hafið þér leyft, að húsin á hjáleigunni Kálfárvallakoti verði lögð niður, og timbrið selt við opinbert uppboð, eptir að leiguliðinn hafi skilað húsunum í fullu standi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið fellst á þessar ráðstafanir, en stjórnarráðið býst samt við, að afgjaldið verði hækkað aptur við næsta leigumála.

11. ágúst.

80. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um raka í bókhlóðu hins lærða skóla í Reykjavík.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður og þér, háeruverðugi herra, senduð hingað með bræfi 6. júní þ. á. skýrslu frá skóla-meistararum við hinn lærða skóla í Reykjavík um það, að svo mikill raki sé í hinu nýja bókhlóðuhúsi skólans, að hætt sé við, að bækurnar skemmist þar, hafið þér borið undir stjórnarráðið, hvort ekki sé ástæða til, að leita álits timbursmiðs *Klentz*, sem stóð fyrir byggingu þessa húss, eða annara manna, sem vit hafa á slíkum efnum, um það, hvernig best verði ráðin bót á þessu.

Eptir að stjórnarráðið útaf þessu hefir fengið álit timbursmiðs *Klentz*, hefir hann í bræfi því, sem vör látum fylgja með, stungið uppá, að búin verði til hitavél í húsinu á þeim stað, sem tiltekinn er á meðfylgjanda uppdrætti, og hefir hann samið áætlun um kostnaðinn við þetta, sem vör einnig sendum yður, en til bráðabirgða hefir hann stungið uppá, að í vetur verði settur ofn upp á þann hátt, sem hann nákvæmar skýrir frá í bræfi sínu.

Um leið og stjórnarráðið lætur það vera á yðar valdi, að gjöra þær ráðstafanir, sem timbursmiður *Klentz* hefir stungið uppá til bráðabirgða, mælumst vör til, áður en lengra verður haldið út í málið, að þér segið álit yðar um hitavél í bókhlóðu-